

Priðjudaginn 1. febrúar 1994.

Nr. 12/1993. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
vegna Stýrimannafélags Íslands**

(Skúli Pálsson hrl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands
vegna Hf. Eimskipafélags Íslands**

(Jón H. Magnússon hdl.)

Kjarasamningur. Yfirvinna.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Stefnandi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, kt. 520169-3509, Borgartúni 18, Reykjavík vegna Stýrimannafélags Íslands kt. 630268-1999, sama stað.

Stefndi er Vinnuveitendasambandi Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, vegna Hf. Eimskipafélags Íslands, kt. 510169-1829, Pósthússtræti 2, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að Hf. Eimskipafélagi Íslands verði dæmt skylt að greiða félagsmönnum Stýrimannafélags Íslands, sem í þjónustu þess eru, yfirvinnu skv. B taxta, „þegar þeir ganga í störf háseta“ skv. grein 3.4.1. í kjarasamningi aðilanna, jafnvel þótt þeir á sama tíma fái greiðslur skv. yfirvinnutaxta A, sbr. grein 3.5.1. í sama samningi. Krafist er málskostnaðar.

Dómkröfur stefnda eru þær að sýknað verði af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo að í kjarasamningum aðilanna alla tíð frá 1974 hafi verið ákvæði þess efnis, að stýrimenn fengju greiðslur samkvæmt svokölluðum yfirvinnutaxta B fyrir vinnu sem þeir vinni á vöktum sínum, þegar þeir gangi í störf háseta að ósk skipstjóra. Um þetta sé nú fjallað í grein 3.4. í kjarasamningi aðilanna. Jafnframt að stýrimenn fengju greitt fyrir vaktir umfram 8 klst. á sólarhring yfirvinnu samkvæmt yfirvinnutaxta A, sbr. grein 3.5.1. Á vakt sinni beri stýrimanni að annast þau störf er tilheyri

stöðu hans um borð og hann þurfi sérstaka menntun til og skírteini. Samkvæmt grein 3.4.1. beri stýrimönnum að ósk skipstjóra að ganga í störf háseta ef þörf sé á á vakt sinni og eigi þá óumdeilt eins og áður segi að fá greiðslur samkvæmt yfirvinnutaxta B. Hf. Eimskipafélag Íslands hafi ekki viljað greiða yfirvinnu B á sama tíma og stýrimenn fái greidda yfirvinnu A fyrir framlengda vakt. Stefnandi telur hins vegar að greiðsla samkvæmt A taxta skipti ekki máli um greiðsluskyldu samkvæmt B taxta, enda sé stýrimaður á vakt sinni þótt hann hafi orðið að standa hana lengur en samningar segja til um og að sjálfsögðu tekið greiðslur samkvæmt samningum. Aðrir viðsemjendur stefnanda hafi litið þetta sömu augum og stefnandi.

Mál þetta sé höfðað fyrir Félagsdómi, þar sem um sé að ræða ágreining um skilning á vinnusamningi, sbr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Um rök fyrir kröfum er vísað til kjarasamnings aðilanna frá 1. maí 1992 og almennra reglna um túlkun samninga. Málskostnaðarkrafan er studd við 65. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 131. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er tekið fram að ákvæði kjarasamnings stýrimanna um greiðslu yfirvinnutaxta B fyrir nánar tilgreinda vinnu á vakt að ósk skipstjóra hafi verið í kjarasamningnum allt frá 1974. Vinna við lestun skipa hafi tekið miklum breytingum frá því ákvæðið kom fyrst í samning 1974. Í dag sé nánast einungis um lestun stórra eininga að ræða. Varan sé aðallega flutt í gámum og hafi vinna við lestun breyst í það að hafa á hendi stjórn tækja, en ekki verið að bera vöruna á höndum sér við lestun og losun eins og algengt hafi verið árunum í kring um 1974.

Af hálfu viðsemjenda stefnanda hafi ákvæði greinar 3.4.1. ætíð verið túlkað á þann veg að yfirvinna B greiddist stýrimanni til viðbótar fastakaupi þegar hann sé að skila 8 stunda vinnuskyldu sinni á sjóvakt eða í dagvinnu, en ætti ekki við þegar komið væri yfir í hreina yfirvinnugreiðslu fyrir vinnu umfram 8 stundir.

Kröfugerð stefnanda sé aftur á móti byggð á því að stýrimenn eigi rétt á því að fá greidda yfirvinnu samkvæmt A og B taxta samtímis. Þessu mótmælir stefndi sem rangri túlkun á ákvæði greinar 3.4.1. í kjarasamningi stýrimanna. Með hugtakinu vakt í grein 3.4.1. sé átt við 8 klst. sjóvakt/vinnu á sólarhring, sbr. grein 5.3.2., og hafnarvakt, sbr. grein 11.1.1. Aukagreiðsla samkvæmt grein 3.4.1. sé undan-

tekning frá aðalreglu um greiðslu fyrir vinnuskil og beri því að túlka ákvæði greinarinnar þröngt.

Hliðstæð ákvæði séu í grein 3.4.2. í samningi vélstjóra, en vélstjórar og stýrimenn hafi í gegn um árin haft nána samvinnu um gerð kjarasamninga við stefnda og séu því mörg kjaraákvæði hópanna hliðstæð, þar á meðal það sem deilt sé um í þessu máli. Í vélstjórasamningi sé tekið fram að yfirvinnutaxti B greiðist fyrir þar tilgreinda vinnu, þegar hún sé unnin í dagvinnutíma eða á sjóvöku viðkomandi manns. Þá sé einnig tilgreint í grein 3.4.1. að yfirvinna B greiðist vélstjórum fyrir nánar tiltekna vinnu, þó unnin sé í reglulegum vinnutíma. Túlkun þessara ákvæða hafi verið ágreiningslaus við Vélstjórafélagið og engar kröfur komið fram um það að fá greidda yfirvinnu A og B samtímis.

B-taxti samsvari dagvinnutaxta, sbr. grein 3.1.1., en A-taxti sé 1,0385% af grunnkaupi á mánuði eða sem svarar 80% álagi á dagvinnutaxta. Þegar ákvæði um B-taxta greiðsluna hafi komið inn í kjarasamning stýrimanna, sbr. 16. gr., hafi A-taxti verið 60% álag á dagvinnu, sbr. 13. gr.

Stefnandi geri kröfu vegna stýrimanns á tveggja stýrimanna skipi, sem gangi vakt frá kl. 00:00 til 06:00 og kl. 12:30 til 18:30, þegar sjóvökur séu staðnar. Hann hafi lokið 8 tíma skilum sínum fyrir mánadarkaupinu kl. 14:30 og fái greidda yfirvinnu A fyrir tímabilið frá kl. 14:30 til 18:30 eða samtals 4 klst. á dag meðan sjóvökur eru staðnar. Vegna óljósrar lýsingar í stefnu á því hvaða störfum stýrimanni beri að gegna á vakt sinni er vísað til greinar 5.3. Í meginatriðum séu störf stýrimanns að annast siglingu skips, skipuleggja og vinna við lestun og losun skips og sjá um að gengið sé tryggilega frá farminum.

Fullyrðingu stefnanda um það að aðrir viðsemjendur stefnanda séu sömu skoðunar og stefnandi varðandi greiðslu B-taxta er mótmælt sem rangri og ósannaðri og er vísað til túlkunar Vinnumálasambandsins og Samskipa hf. í því efni samkvæmt framlagðri yfirlýsingu þeirra.

Niðurstæða.

Ljóst er af kjarasamningi málsaðila að yfirvinnutaxti B er ekki greiddur fyrir lengdan vinnutíma heldur er um að tefla viðbótar-greiðslu til stýrimanns fyrir sérstök störf, sem hann innir af hendi í almennum vinnutíma sínum þegar á þarf að halda. Taxtinn er í raun

mánaðargrunnkaup fyrir 40 stunda vinnuviku umreiknað til tíma-kaups.

Yfirvinnutaxti B er greiddur þegar stýrimaður gengur í störf háseta á vakt sinni, sbr. grein 3.4.1. í kjarasamningi. Vaktir stýrimanns geta verið umfram 8 stundir á sólarhring svo sem glögglega kemur fram í grein 3.5. í kjarasamningi en vaktirnar eru 12 stundir á sólarhring á skipum með einn stýrimann eða tvo. Skilja verður orðin: „á vakt sinni“ í áður nefndri grein 3.4.1. í kjarasamningi aðila þannig að átt sé við raunverulegan vaktatíma en ekki aðeins 8 stunda vaktir. Það raskar ekki þessum skilningi þótt launagreiðsla fyrir vaktir umfram 8 stundir sé tvískipt, þ.e. annars vegar mánaðarkaup og hins vegar yfirvinna samkvæmt A-taxta.

Með framangreindar röksemdir í huga verður að líta svo á að stýrimaður, er gengur í störf háseta á þeim hluta vaktartímabils, sem greiddur er með yfirvinnutaxta A, eigi samtímis rétt á greiðslu samkvæmt yfirvinnutaxta B, enda mundi önnur niðurstaða leiða til launamisræmis. Þá hefur eigi verið sýnt fram á að venja hafi skapast um annan skilning á deiluefninu.

Ber því að taka til greina kröfu stefnanda í máli þessu, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Eftir atvikum þykir við hæfi að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Skylt er Hf. Eimskipafélagi Íslands að hlíta því að stýrimaður á vakt, sem gengur í störf háseta samkvæmt grein 3.4.1. í kjarasamningi, eigi rétt á greiðslu samkvæmt yfirvinnutaxta B, þótt hann á sama tíma taki laun samkvæmt yfirvinnutaxta A.

Málskostnaður fellur niður.
